

# Hljóðfæri með gamla sál

Jón Marinó Jónsson lauk prófi í fiðlu-, víólu-, selló- og kontrabassasmíði frá Englandi vorið 2000. Fljótlega áttaði hann sig á því að eftirsóknarvert væri að eignast gamalt timbur til hljóðfæragerðar. Honum varð því hugsað til plankanna sem rifnir voru úr Þorvarðarhúsi. Í næstu Íslandsferð fékk Jón Marinó timbrið gefins en það var ekki nýtt til endurbóta eins og áform voru um.



Hljóðfæri í vinnslu.

Jón Marinó hefur unnið við hljóðfærasmíði síðan hann lauk námi. Timbrið úr Jamestown-strandinu notar hann í bassabjálka og sálir. Þessir hlutar hljóðfærisins leiða víbring en það er forsenda þess að hljóð heyrst í strokhljóðfærum. Efnið úr Jamestown hentar mjög vel í þessum tilgangi vegna þess hversu gamalt það er. Timbur harðnar með tímanum og leiðir víbring mun betur en nýtt.



Jón Marinó að störfum.

Öll ný strokhljóðfæri sem Jón Marinó smíðar hafa bassabjálka og sálir úr timbrinu úr Jamestown.



Þorvarðarhús.

Jón Marinó Jónsson hljóðfærasmiður heyrði fyrst af Jamestown-strandinu árið 1992 þegar hann rak verktakafyrirtæki í Keflavík.

Eitt af verkefnum fyrirtækisins var að byggja við Þorvarðarhús, sem er með elstu húsum Keflavíkur. Til þess varð að rífa klæðningu af gamla hluta hússins. Í ljós kom óvenjuleg standandi klæðning. Aðspurður sagði eigandi hússins, Ólafur Ásmundsson, að timbrið hefði komið með stóru skipi sem strandaði í Höfnum árið 1881. Að verkinu loknu átti að nýta gamla viðinn í endurbætur.